



ALÞYÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 127/2021

Erindi nr. 127/2021

komudagur 19.4.2002

Allsherjarnefnd
Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 18.apríl 2002.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, 177. mál.

Alþýðusamband Ísland styður eindregið, að sett verði lög um greiðsluáðlögun einstaklinga sem ekki stunda atvinnurekstur. Mikil þörf er á setningu laga af þessum toga. Nauðasamningar einstaklinga eru fátíðir enda úrræðið flókið og erfitt í framkvæmd. Réttarstaða einstaklinga í greiðsluvandræðum gagnvart kröfuhöfum er veik og nógildandi löggjöf nánast alfarið sniðin að þörfum kröfuhafa. Ekki eru gerðar athugasemdir við einstakar lagagreinar.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands

Magnús M. Norðdahl hrl.,
deildarstj. Vinnuréttardeildar.

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

Alþingi

Erindi nr. P 127/1897

komudagur 18.4.2002




Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. apríl 2002

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti, 177. mál.

BSRB hefur farið yfir frumvarpið og lýsir yfir stuðningi sínum við það.

f.h. BSRB


Svanhildur Halldórsdóttir



DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi
Erindi nr. P 127/2090
komudagur 26.4.2002

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Hildar Njarðvík nefndarritara
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldprotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Með bréfi dagsettu 9. apríl sl. var Dómstólaráði sent til umsagnar framangreint frumvarp til laga um gjaldprotaskipti, 177 mál, greiðsluaðlögun.


Dómstólaráð hefur tekið frumvarpið til skoðunar og fjallaði um það á á fundi sínum í dag.

Frumvarpinu fylgir ekki kostnaðarmat en ljóst er að gildistaka laga um greiðsluaðlögun hefur í för með veruleg verkefni fyrir héraðsdómstólana. En rétt er að vekja athygli á því að héraðsdómstólarnir hafa nú vart undan vegna mikillar fjölgunar mála og að aukin verkefni kalla annað tveggja á að málsmeðferðartími lengist eða á fjölgun starfsmanna sem hefur útgjaldaauka í för með sér.

Dómstólaráð telur að heildstætt mat þurfi að fara fram á því hvernig til hafi tekist með framkvæmd laga nr. 65/1996 um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, laga nr. 64/1996 lög um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og laga nr. 71/1996 lög um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Þessi löggjöf á það sameiginlegt með frumvarpi um greiðsluaðlögun að vera ætlað að aðstoða einstaklinga sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum við að ná tókum á fjármálum sínum.

Af þeim sökum telur ráðið ekki unnt að mæla með frumvarpinu að svo stöddu.

F.h. Dómstólaráðs


Elín Sigrún Jónsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 127/2001
komudagur 22.4.2002



Nefndarsvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Reykjavík 15. apríl 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti
o.fl., nr. 21/1991

I.

Þann 5. apríl s.l. voru 15.759 einstaklingar skráðir á vanskilaskrá Lánstrausts hf. Hefur þeim farið fjölgandi. Án þess að rannsókn hafi farið fram á því, segir reynslan mér, að líklega séu þúsundir þessara einstaklinga í þeirri stöðu, að eiga sér ekki viðreisnar von fjárhagslega, ef svo má að orði komast. Með öðrum orðum, tel ég að þúsundir einstaklinga geti einfaldlega ekki unnið sig út úr skuldum sínum, án utanaðkomandi aðstoðar. Að mínu mati væri æskilegt að gera rannsókn á umfangi vandamálsins, bæði fjölda þeirra sem þannig er fyrir komið og hversu djúpt þeir eru sokknir.

Í greinargerð með nefndu frumvarpi er getið úrræða, sem ætlað er að taka að einhverju leiti á því vandamáli sem hér er lýst. Eins og ég met umfang vandamálsins, hafa þessi úrræði engan veginn dugað. Ófullnægjandi kynning á þessum úrræðum er að mínu mati ekki fullnægjandi skýring á því.

Varla þarf að fjölyrða um það bøl sem óyffirstíganlegir fjárhagserfiðleikar eru. Samt er það nefnt hér til áréttingar þar sem það er afdráttarlaus skoðun mín, að þetta vandamál sé miklum mun stærra hér á landi, en það þyrfti að vera. Auðvitað verður það alltaf svo, að einhverjir stofna til skulda vitandi það að þeir geti ekki endurgreitt þær. Þá er ég almennt á þeirri skoðun, að í upplýstu þjóðfélagi eigi þegnarnir almennt að vera ábyrgir gjörða sinna. Hins vegar er ljóst, að oft lendir fólk í óyffirstíganlegum fjárhagsvandræðum, án þess að segja megi að því sé sjálfu um að kenna. Eins kann það að vera öllum í hag, að reynt sé að leysa slík vandamál, enda þótt segja megi, að um sjálfsskaparvíti sé að ræða.

Þá er ljóst, að þjóðfélagið verður fyrir margvíslegum skaða vegna óyffirstíganlegra fjárhagsvandræða einstaklinga.

Ég er hlynntur því, að leitað verði leiða til að vinna á því vandamáli sem hér er lýst. Ég tel að greiðsluáðlögun sé bæði skynsamleg og sanngjörn aðferð til að bæta stöðu þeirra sem verst eru staddir.

II.

Æskilegt hefði verið að fá nánari upplýsingar um framkvæmd greiðsluáðlögunar í öðrum löndum. Afar erfitt er að gera sér grein fyrir þeim áhrifum sem frumvarpið gæti haft, yrði það að lögum. Spurningum eins og hvernig megi koma í veg fyrir



L Á N S T R Á U S T H F.

misnotkun er ósvarað og hvort reynslan erlendis bendi til að þörf sé á sérstökum úrræðum í því sambandi. Þá hefði verið æskilegt að sjá nánari umfjöllun um takmörk greiðsluaðlögunar vegna eignaréttarákvæðis stjórnarskrár. Sérhver kröfuréttindi eru eignaréttindi, sem þar með eru varin af stjórnarskrá.

Þá hef ég ekki haft aðstöðu til þess að fara nákvæmlega yfir einstök atriði í frumvarpinu. Á það einkum við réttarfarslega hlið þess. Ég vil þó nota tækifærið og benda á tvö ónefnd atriði, sem við fyrstu sýn virðast þarfnast nánari skoðunar:


- Greiðsluaðlögun er heimil skuldara sem ekki stundar atvinnurekstur, sbr. og nánari skilyrði. Markmið frumvarpsins er hins vegar, samkvæmt greinargerð, að aðstoða einstaklinga. Hvað með lögaðila sem ekki stunda atvinnurekstur í skilningi skattalaga? Lögin virðast eftir orðum sínum einnig taka til þeirra.
- Er ekki nauðsynlegt að fram fari innköllun krafna og skuldbindinga?

Ég tel að í stöðunni væri skynsamlegast að setja á fót starfshóp, sem hefði það að markmiði að koma með tillögur að lausn þess vandamáls sem hér er lýst. Líklegt er að slíkar tillögur yrðu þess efnis, að þörf væri á samræmdum aðgerðum og úrræðum. Fyrsta og mikilvægasta úrræðið yrði stóraukin fræðsla í skólum landsins.

Lánstraust hf. hefur áhuga á að koma með einhverjum hætti að því að bæta úr því ástandi sem hér að ofan var lýst.

Innan þess frests sem veittur var, reyndist ekki unnt að vinna nákvæmari umsögn, en hér er gefin.

Virðingarfyllst,
f.h. Lánstrausts hf.,


Reynir Grétarsson, hdl.,
frkv.stjr.

Alþingi
Erindi nr. P 127/2163
komudagur 16.5.2002

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

NS
NEYTENDASAMTÖKIN

Allsherjarnefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13,
108 REYKJAVÍK,
SÍMI 545 1200,
TELEFAX 545 1212,
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160,
128 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 13. maí 2002

**Umsögn Neytendasamtakanna um
frumvarp til breytinga á lögum um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991.
Aðalflutningsmaður Jóhanna Sigurðardóttir.**

Almennt:

Neytendasamtökin hafa um langt árabil hvatt til þess að sett yrðu sérstök lög um greiðsluaðlögun. Á ráðstefnu sem samtökin héldu fyrir rúmum áratug var réttarræðið kynnt sérstaklega. Hafði það þá þegar rutt sér til rúms á hinum Norðurlöndunum. Í kjölfar ráðstefnunar stóðu samtökin fyrir frekari kynningu á greiðsluaðlögun. Jafnframt því var mótuð sú stefna Neytendasamtakanna að vinna að lögfestingu svipaðra ákvæða um greiðsluaðlögun hérlandis og gilda á hinum Norðurlöndunum.

Reynslan af greiðsluaðlögun hefur verið góð þar sem úrræðið hefur verið lögfest. Eftir töluverða skoðun á réttarræðinu er ekki mælt með því að það verði afnumið. Telja Neytendasamtökin eðlilegt að hér á landi verði lögfest svipuð lagaákvæði. Samtökin telja að mörgu leyti heppilegt að lögfesta ákvæði um greiðsluaðlögun í sérstökum lögum í samræmi við það fyrirkomulag sem haft var á hinum Norðurlöndunum. Ljóst er að fólk mun sækja um greiðsluaðlögun einmitt til að koma í veg fyrir gjaldþrot. Að mörgu leyti er því eðlilegra að tengja veitingu greiðsluaðlögunar ekki við gjaldþrotaskipti.

Neytendasamtökin mæla ekki á móti því að löggjöf um greiðsluaðlögun verði lögfest með þeim hætti sem hér er lagt til, þ.e. sem kafli í lögum um gjaldþrotaskipti, þótt samtökin telji heppilegra að hafa sérstök lög um greiðsluaðlögun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Í 2. gr. A. (XI. Kafli) a. (64.gr.) segir að skuldari sem á lögheimili á Íslandi og stundar ekki atvinnurekstur geti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sbr. 3. mgr. átt rétt á greiðsluaðlögun.

Algeng ástæða greiðsluþrota og eftirfarandi gjaldþrota einstaklinga er atvinnurekstur þeirra. Íðulega er um smáatvinnurekendur að ræða, svokallaða einyrkja.

Neytendasamtökin sjá ekki ástæðu til að undanskilja þetta fólk svo sem ráð er gert fyrir í frumvarpinu. Skv. danskri könnun, sem gerð var fyrir nokkrum árum, kom fram að smáatvinnurekendur, sem reka fyrirtæki sín með tapi, eru með verstu lífskjör allra. Þar sem það er á endanum ákvörðun dómstóls að veita eða hafna heimild til greiðsluaðlögunar virðist engin ástæða til að takmarka aðgengi að þessu réttarfarsúrræði svo sem hér er lagt til. Neytendasamtökin leggja því til að ákvæðið orðist svo:

Skuldari sem á lögheimili á Íslandi getur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum o.s.fvr.

Verði ekki fallist á þessar athugasemdir Neytendasamtakanna um breytingu á ákvæðinu leggja samtökin til að skýrar komi fram í frumvarpinu hvort skuldir einstaklings megi stafa frá atvinnurekstri eftir að honum hefur verið hætt. Einnig að fram komi með skýrum hætti hvort atvinnustarfsemi þurfi í öllum tilvikum að hafa verið hætt áður en sótt er um greiðsluaðlögun eða hvort tekið verði tillit til sérstakra aðstæðna og þá hverra.

Varðandi 2. tl. sömu greinar telja Neytendasamtökin það spurningu hvort að setja á það skilyrði fyrir veitingu greiðsluaðlögunar að skuldari sé fjár síns ráðandi.


Varðandi 4. tl. telja Neytendasamtökin ekki ástæðu til að takmarka aðgang að greiðsluaðlögun svo sem þar er lagt til. Skuldari sem er í gjaldþrotaskiptum getur fullt eins haft þörf fyrir greiðsluaðlögun og öll þau almennu rök sem mæla með greiðsluaðlögun að öðru leyti eiga líka við um hann.

Varðandi d. lið (67.gr.) telja Neytendasamtökin óþarft að skylda Héraðsdóm til að synja um heimild til greiðsluaðlögunar við þau skilyrði sem nefnd eru í 1. og 2. tl. greinarinnar. Í 2. mgr. greinarinnar er ákvæði sem heimilar dómara að meta hvort hann telji ástæðu til veitingar greiðsluaðlögunar og hvort líklegt sé að hún muni þjóna tilgangi. Ekki er því ástæða til að takmarka aðgang að henni svo sem hér er lagt til.

Neytendasamtökin telja að sá helsti galli sé á framkvæmd laga um greiðsluaðlögun, þar sem slík lög hafa verið lögfest, að aðgengi að úrræðinu er of takmarkað. Neytendasamtökin vilja að sá agnúi verði sniðinn af löggjöfinni hér þannig að úrræðið nýtist betur þeim sem á þurfa að halda. Af þeim sökum er hér lagt til að fellt verði út úr frumvarpinu þær takmarkanir sem athugasemd er gerð við hér að framan.

Neytendasamtökin gera ekki aðrar athugasemdir við lagafrumvarp þetta og mæla eindregið með lögfestingu þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson, formaður



Alþingi
Erindi nr. P 127/2097
komudagur 30.4.2002

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

30 apríl 2002

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á lögum um gjaldþrotaskipti (177. mál)

Við er í bréf nefndarinnar dags. 9. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

Í greinargerð segir að markmið frumvarpsins sé að koma á nýju úrræði til að aðstoða einstaklinga í mjög alvarlegum greiðsluerfiðleikum. Lagt er til að það verði gert með breytingu á gjaldþrotaskiptalögum sem feli í sér að þau veiti heimild til sækja um svokallaða greiðsluaðlögun, sem ýmis geti verið frjáls eða þvinguð.

Eins og fram kemur byggist frumvarpið á tillögum starfshóps sem skipaður var af flutningsmanni (þáverandi félagsmálaráðherra) haustið 1993. Horfði sú nefnd m.a. til sambærilegs fyrirkomulags í Danmörku og Noregi.

SBV taka heilshugar undir mikilvægi þess að huga betur að þeim úrræðum sem eru til staðar fyrir einstaklinga sem lenda í mjög alvarlegum greiðsluerfiðleikum. Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar hefur skuldastaða heimilanna farið versnandi á allra síðustu árum, en fram kemur að mikil lækkun á hlutabréfamörkuðum eigi sinn þátt í því. Ljóst er að húsnæðislán vega þyngst í þeirri skuldakörfu, en stöðug aukning hefur verið á þeim lánum frá 1998 fram til ársbyrjunar 2002.

Þegar skoðað er hvað sé til ráða er þó brýnt að horfa í upphafi til þeirra úrræða sem fyrir eru og athuga hvort forsendur séu til styrkingar þeirra. Þar kemur fyrst til skoðunar Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna, sem félagsmálaráðherra, samtök á fjármálamarkaði, sveitarfélög og launþegasamtök settu á stofn á árinu 1996. Ekki er vafi á að sú starfsemi hefur hjálpað mörgu af því fólki sem verst hefur verið stött. Samhliða hafa sífellt fleiri náð að koma reglu á sín fjármál í gegnum greiðsluþjónustu banka og sparisjóða, þar sem útgjöldum er dreift yfir árið með hliðsjón af tekjum.

Eitt af hlutverkum Ráðgjafarstofunnar er að aðstoða við frjálsa nauðasamninga, en það úrræði er náskyld því sem hin svokallaða frjálsa greiðsluaðlögun miðar að. Upplýsingar eru um að slíkum samningum hafi fjölgað verulega undanfarið, sem bendir jafnframt til þess að þessi möguleiki gjaldþrotaskiptalaganna sé notaður. Ljóst er að starfsemi

Ráðgjafarstofu er í raun félagslegt úrræði fyrir þá verst settu og því mikilvægt að hið opinbera, þ.e. ríki og sveitarfélög, standi þétt við bakið á slíkum rekstri. Því vekur áhyggjur að hlutur þessara aðila í rekstri Ráðgjafarstofunnar hefur farið minnkandi frá stofnun hennar. Mikilvægt er að skoða þau mál heildstætt og jafnframt að leita eftir því að fleiri aðilar á fjármálamarkaði, s.s. tryggingafélög, lífeyrissjóðir, eignarleigur og verðbréfafyrirtæki komi inn í þetta samstarf.

Ekki verður þannig séð að lausn þessara mála felist endilega í róttækum breytingum á gildandi lagakerfi. Áður en komist yrði að þeirri niðurstöðu þarf að gaumgæfa vandlega hvort ekki megi styrkja betur þau samningslegu úrræði sem fyrir hendi eru.

Það sem stingur strax í augu við lestur frumvarpsins er að ekki virðist vera ætlunin að fylgja fordæmi nágrannaþjóðanna við útfærslu málsins, þótt þær hafi margra ára reynslu af greiðsluaðlögunarfyrirkomulagi. Í stað þess er boðað að lögfesta skuli séríslenskt úrræði, með þeim rökum að aðstæður á Íslandi séu mjög svo frábrugðnar aðstæðum í Danmörku og Noregi. Vísad er í niðurstöðu framangreinds starfshóps um þetta efni frá árinu 1993. Rétt er að hafa í huga að margt hefur breyst á sl. 8 árum og væri eðlilegast að gerð yrði ný og ýtarleg úttekt á reynslu greiðsluaðlögunarfyrirkomulagsins hjá nágrannaþjóðunum. Þá verður af efast stórlega um að aðstæður hér á landi séu svo frábrugðnar því sem gerist í Danmörku og Noregi að sams konar útfærsla málsins geti ekki átt við. Ef á að nást sátt um að fara slíka leið sem greiðsluaðlögun er hlýtur að vera eðlilegra að fylgja þeirri forskrift sem nágrannar okkar hafa lagt, að því er virðist með ágætum árangri.


Í framangreindu ljósi vilja SBV benda á nokkur atriði sem þarfnast endurskoðunar áður en slíkt mál yrði lagt fram aftur. Hafa ber í huga að ekki er um tæmandi talningu að ræða og alger forsenda að málið í heild sinni verði skoðað af ráðherrum dóms- og félagsmála áður en löggjafinn tekur afstöðu til þess. Hér skal þó aftur vísad í að rétt er að leita annarra lausna fyrst, áður en farið væri í slíkar lagabreytingar.

1. Skv. lið A-a í 2. gr. er gert ráð fyrir að hægt sé að veita greiðsluaðlögun til átta ára. Ljóst er að sá tími er alltof langur. Í norsku og dönsku lögunum er t.d. miðað við 3-5 ár. Hafa ber í huga að þetta snýr ekki síst að skuldaranum sjálfum, en reynslan hefur sýnt að þrek skuldara til að fara í gegnum svona tímabil er ekki nema til fárra ára í senn. Ef ekki er búið að ná settu marki að þeim tíma liðnum aukast verulega líkur til að skuldarinn hreinlega gefist upp. Þá er oft betur heima setið en af stað farið. Eðlilegt væri að horfa til sambærilegrar tímalengdar og hjá frændþjóðunum.
2. Mikilvægt er að sem skýrust viðmið liggja að baki því hvað átt er við með *“verulegum greiðsluerfiðleikum”*, sbr. 1. tölul. 3. mgr. liðar A-a í 2. gr., enda er þetta grundvallarákvæði varðandi það hverjir eigi rétt á greiðsluaðlögun. Greiðsluaðlögun hlýtur að vera alger neyðarlausn og slík ákvæði munu aldrei ná marki sínu nema sem best sé tryggt að mjög afmarkaður hópur skuldara geti fallið þar undir. Í Danmörku hefur almennt verið miðað við að skuldir séu meiri en sem nemur 20-földum nettóráðstöfunartekjum viðkomandi aðila. Að auki er þar horft til þess að skuldin sé hærri en 2.7 m.kr., nema um lífeyrisþega eða atvinnulausan sé að ræða, þá er miðað við 1.2 m.kr. Þá getur skipt máli hvort um ófyrirséða breytingu á aðstæðum skuldara er að ræða, s.s. vegna veikinda eða atvinnuleysis. Í því efni horfa Danir til þess hvort líkur séu á að ekki rætist úr á næstu misserum. Frændþjóðirnar

- hafa einnig horft til uppruna skuldanna, þ.e. að þær stafi ekki frá glæpsamlegu athæfi, og ekki síður að skuldari hafi gert það sem í hans valdi stóð til að greiða skuldir sínar og ekki aukið verulega við þær eftir að var lentur í vanskilum.
3. Skv. lið A-g í 2. gr. er talað um að gera þurfi ráð fyrir “*brýnasta framfærslukostnaði skuldara.*” Mikilvægt er að leggja vinnu í að útfæra hvað sé átt við með þessari tilvísun. Í dag skortir á að slík raunveruleg viðmið séu til staðar. Þannig hafa Íbúðalánasjóður og ýmsir aðrir lánveitendur stuðst við tölu sem Ráðgjafarstofa heimilanna hefur notað. Sú viðmiðunarfjárhæð byggist hins vegar ekki á ígrunduðum útreikningum og þarfnast ábyggilega endurskoðunar. Eðlilegast væri að stjórnvöld, t.d. Hagstofan, hefðu forgöngu um að reikna út eins nákvæmlega og kostur er þá viðmiðunarfjárhæð sem getur með réttu talist duga til brýnasta framfærslukostnaðar skuldara. Horfa mætti til þeirra þátta sem Danir líta til við slíka útreikninga.
 4. Skv. 3. mgr. liðar B-a í 2. gr. er óheimilt að taka bú skuldara til gjaldþrotaskipta, kyrrsetja eignir hans, taka þær í löggeymslu, gera fjárnám í þeim eða ráðstafa með nauðungarsölu. Hér ber fyrst að hafa í huga að t.d. í Danmörku er almennt miðað við að reynt sé að selja fasteignir skuldara áður en, eða um leið, og greiðsluaðlögun hefst til að grynka á skuldum, sérstaklega ef eignir eru stærri eða á dýrara markaðssvæði en þörf er á. Þetta er ýmist gert með almennri sölu eða uppboðsleið. Slíkt er í eðlilegu samræmi við markmið greiðsluaðlögunar, þ.e. að aðstoða skuldara við að komast út úr skuldunum en ekki aðstoð við að halda í þær eignir sem oft eru ástæður greiðsluerfiðleikanna. Þá kemur ekkert fram um hvað gerist gagnvart kröfum sem skuldari stofnar til meðan á greiðsluaðlögun stendur. Gilda framangreindra ráðstafanir ekki um þær eða hafa nýjar skuldbindingar í för með sér að greiðsluaðlögun fellur úr gildi ?
 5. Skv. 4. mgr. sama liðar er gert ráð fyrir að lánardrottnum sé óheimilt að ganga að tryggingu eða krefja ábyrgðarmann um greiðslu meðan á greiðsluaðlögun stendur. Slík tilhögun stangast algerlega á við meginreglur um skuldbindingargildi samninga. Ljóst er að ef hefðbundnar tryggingar fyrir lánum hafa ekki lengur þá réttarstöðu sem þekkist í dag, sem trygging fyrir endurgreiðslu, mun útlánaáhætta lánveitenda aukast sem aftur hlýtur að leiða til dýrari lána. Hafa ber í huga að sambærilegt ákvæði er ekki að finna í dönsku eða norsku lögnum.
 6. Algerlega skortir á að í frumvarpinu sé tekið á því hvaða viðurlögum það sætir fyrir skuldara ef ekki er staðið við skuldbindingar varðandi greiðsluaðlögun. Eðlilegast hlýtur að vera að greiðsluaðlögun falli úr gildi um leið og skuldari hættir að fara að ákvæðum hennar, s.s. með stofnun nýrra skuldbindinga eða ef hann stendur ekki við umsamdar endurgreiðslur skv. samningi um greiðsluaðlögun.
 7. Ekkert er tekið á því í frumvarpinu hvernig fer með fyrningu skuldbindinga ef skuldara tekst ekki að standa við skilmála greiðsluaðlögunar.
 8. Þá vantar ákvæði um það hvernig greiðsluaðlögunartímabili geti lokið fyrir tímamann ef viðkomandi skuldara áskotnast fé sem gæti dugað til að gera upp við kröfuhafa að fullu, t.d. happdrættisvinningur eða arfur. Danir hafa t.d. talið að þá falli samningur um greiðsluaðlögun brott.

9. Ekkert er kveðið á um með hvaða hætti sé tilkynnt um greiðsluaðlögun, þótt hún geti haft verulegar afleiðingar fyrir ekki bara lánardrottna heldur einnig þriðja aðila. Eðlilegast væri að úrskurður um greiðsluaðlögun birtist í lögbirtingablaði og helstu dagblöðum.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri